

Fimmtudaginn 14. maí 1998.

Nr. 160/1998.

**Erlendur Hansen og
Hörður Ingimarsson**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

**sameiningarnefnd sveitarfélaga í Skagafirði
bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar
og hreppsnefndum**

Fljótahrepps

Hofshrepps

Hólahrepps

Lýtingsstaðahrepps

Rípurhrepps

Seyluhrepps

Skarðshrepps

Skefilsstaðahrepps

Staðarhrepps og

Viðvíkurhrepps

(Karl Axelsson hrl.)

Kosningar. Sveitarstjórn. Stjórnsýsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1998. Féllst Hæstiréttur á, að málið sætti flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga. Dómkröfur áfrýjenda eru þær, að kosningar, sem fram fóru 15. nóvember 1997 um sameiningu Sauðárkrókskaupstaðar, Fljótahrepps, Hofshrepps, Hólahrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Seyluhrepps, Skarðshrepps, Skefilsstaðahrepps, Staðarhrepps og Viðvíkurhrepps, skuli vera ógildar. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál í héraði.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ljóst er, að 2. mgr. 63. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis felur í sér heimild, en ekki skyldu fyrir kjörstjóra til að láta fara fram atkvæðagreiðslu á sjúkrahúsi. Slík ákvörðun er þó ekki háð geðþótta kjörstjóra hverju sinni, heldur ber honum að láta kosningu fara fram, ef fram kemur ósk eða vísbending um, að þess sé þörf. Svo var ekki í máli því, sem hér er til úrlausnar. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Í almennri atkvæðagreiðslu innan sveitarfélaga um sameiningu þeirra er fjallað um sjálfstæði hvers og eins sveitarfélags, sem hlut á að máli. Frá því sjónarmiði er ekki heppilegt, að samstarfsnefnd um sameininguna annist auglýsingu á atkvæðagreiðslunni í umboði þeirra, sem fara eiga með stjórn hennar, en það eru kjörstjórnir í hverju sveitarfélagi, sem sveitarstjórn þar hefur til þess skipað. Þótt atkvæðagreiðslan sé í raun sérstök fyrir hvert sveitarfélag, verður það ekki talið ósamkvæmt III. og X. kafla sveitarstjórnarlaga, að kjörstjórnir gefi út sameiginlega auglýsingu um það, hvenær og hvernig hún fari fram á hverjum stað, og verða grundvallarreglur laga og stjórnarskrár ekki taldar standa því í vegi. Hallar þá ekki svo miklu til viðbótar, ef auglýsingin kemur frá samstarfsnefnd, að það eitt eigi að valda ólögmæti atkvæðagreiðslunnar. Með þessari athugasemd, sem varðar aðra af tveimur málsástæðum áfrýjenda, er ég samþykkur atkvæði annarra dómenda.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 2. apríl 1998.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 23. mars sl., er höfðað af Erlendi Hansen, kt. 260824-3769, Skagfirðingabraut 45, Sauðárkróki, og Herði Ingimarssyni, kt. 010943-2649, Smáragrund 11,

Sauðárkróki, á hendur sameiningarnefnd sveitarfélaga í Skagafirði, bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar og hreppsnefndum Fljótahrepps, Hofshrepps, Hólahrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Seyluhrepps, Skarðshrepps, Skefilsstaðahrepps, Staðahrepps og Viðvíkurhrepps með stefnu, út gefinni 9. mars sl. Ákveðið hafði verið, að málið sætti flýtimeðferð skv. XIX. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, og var það þingfest sama dag og stefnan var út gefin.

Dómkröfur stefnenda.

Stefnendur krefjast þess, að kosningar, er fram fóru 15. nóvember 1997 um sameiningu Sauðárkrókskaupstaðar, Fljótahrepps, Hofshrepps, Hólahrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Seyluhrepps, Skarðshrepps, Skefilsstaðahrepps, Staðahrepps og Viðvíkurhrepps, skuli vera ógildar. Af hálfu stefnenda var málið, þrátt fyrir það að gjafsóknarleyfi hefði ekki verið fengið á þeim degi, flutt sem gjafsóknarmál og málskostnaðar krafist í samræmi við það. Stefnendur hafa nú með leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 25. mars sl., fengið gjafsóknarleyfi fyrir héraðsdómi.

Dómkröfur stefndu.

Allir stefndu krefjast þess, að nefndar kosningar, er fram fóru 15. nóvember 1997, verði dæmdar löglegar og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefnenda. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnenda.

II.

Málavextir.

Á fyrri hluta árs 1996 hófst undirbúningur að sameiningu allra hinna stefndu sveitarfélaga. Sveitarfélögin settu á laggirnar sérstaka sameiningarnefnd. Hinn 15. nóvember 1997 fóru síðan fram kosningar um sameiningu sveitarfélaganna.

Stefnendur, sem báðir eru kjósendur á Sauðárkróki, kærðu kosninguna til sýslumannsins á Sauðárkróki 21. nóvember sl. og kröfðust þess, að kosningin yrði dæmd dauð og ómerk og að kosið yrði að nýju með lögmatum hætti. Í þeirri kæru eru það aðallega þrjú atriði, sem þeir töldu, að farið hefðu aflaga, í fyrsta lagi, að kjörskrá í Sauðárkrókskaupstað hefði ekki verið lögð fram í löglegu formi, í öðru lagi, að kanna þyrfti framlagningu kjörskrár í öðrum sveitarfélögum, í þriðja lagi, að kosningin skyldi vera ógild, þar sem ekki var opnuð sérstök kjördeild á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki skipaði með vísan til 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 nefnd til að úrskurða um kærufnið. Í úrskurði sínum, upp kveðnum 5. desember sl., hafnaði nefndin kröfum stefnenda.

Stefnendur undu ekki niðurstöðu nefndarinnar, og 12. desember sl. kærði lögmaður þeirra, Haraldur Blöndal hrl., úrskurð kærunefndarinnar til félagsmálaráðherra. Jafnframt var sú krafa gerð, að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi og kosningarnar úrskurðaðar ógildar.

3. febrúar sl. var í félagsmálaráðuneyti kveðinn upp úrskurður í málinu, og hljóðar úrskurðarorð svo: „Hafnað er þeirri kröfu Haralds Blöndals hrl. fyrir hönd Erlends Hansen og Harðar Ingimarssonar, að atkvæðagreiðsla um sameiningu ellefu sveitarfélaga í Skagafirði 15. nóvember 1997 verði úrskurðuð ógild.“

Stefnendur undu ekki þessari niðurstöðu og höfðuðu því mál þetta.

Við aðalmeðferð málsins komu stefnendur og nokkur vitni fyrir dóminn.

Stefnandinn Hörður Ingimarsson kveðst hafa verið andsnúinn sameiningu, en engin formleg samtök hefðu verið stofnuð gegn henni. Hann kveðst hafa orðið var við óánægju meðal sjúklinga á Sjúkrahúsi Skagfirðinga, vegna þess að þeim hafi ekki gefist kostur á að neyta kosningarréttar síns, en þessi framkvæmd hafi verið í ósamræmi við það, sem verið hefði í undanförunum kosningum. Vismenn hafi sagt sér, að starfsfólk sjúkrahússins hefði tjáð þeim, að þar yrði hægt að kjósa. Hann kveðst hafa verið mikið á sjúkrahúsinu síðustu ár, raunar verið í sjúkrahússtjórn um árabíl, og komið þar oft í viku og þá gjarnan tekið vistmenn tali og þeir sig.

Stefnandinn Erlendur Hansen kveðst hafa talið það borgaralega skyldu sína að kæra kosninguna, þar sem ekki hafi öllum gefist kostur á að neyta kosningarréttar síns. Hann telur, að kosning hafi átt að fara fram á sjúkrahúsinu.

Vitnið Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Skagfirðinga frá árinu 1992, ber, að allur gangur hafi verið á því, hvort kjördeild hafi verið á sjúkrahúsinu eða ekki. Hann kveðst aldrei hafa óskað eftir því, að utan- kjörfundaratkvæðagreiðsla fram færi þar á sjúkrahúsinu. Hann kveðst hins vegar á föstudeginum fyrir kjördag hafa haft samband við sýslumanninn á Sauðárkróki og kannað, með hvaða hætti vistmenn gætu kosið. Þetta hafi hann gert, eftir að hann hafði rétt við báða deildarstjóra sjúkrahússins.

Sýslumaður hafi tjáð sér, að hægt væri að kjósa á sýsluskrifstofunni þennan dag og svo á kjördag. Hins vegar hafi hann sagt, að heimakosning ætti ekki við. Deildarstjórum hafi verið gerð grein fyrir þessu og þeir komið skilaboðum um þetta til hvers og eins, sem vistaður var á stofnuninni. Auk þessa hafi verið boðið upp á akstur. Vitnið kveður það ekki í sínum verka-

hring að letja eða hvetja fólk til að kjósa, hins vegar hafi vistmönnum verið gerð grein fyrir því, með hvaða hætti þeir gætu notað kosningarrétt sinn. Vitnið ber, að enginn vistmanna hafi lýst yfir óánægju sinni með þessa skipan mála, en vitnið telur, að allir, sem vildu, hefðu getað kosið og engum verið meinað það. Vitnið kannast ekki við, að samráð hafi verið haft um það við stofnunina, hvort ástæða væri til, að utankjörfundaratkvæðagreiðsla færi þar fram.

Vitnið kveður stofnunina vera þannig samsetta, að þar er rekið sjúkrahús og hjúkrunar- og dvalarheimili, alls 71 rúm. Af þessum rúmum séu fimmtán á almennri sjúkradeild, þar sem fólk á öllum aldri sé lagt inn, en hin rúmin hjúkrunarheimili og þar dveljist eldra fólk.

Aðspurt kveður vitnið bæklinga um fyrirhugaða sameiningu hafa komið á stofnunina, og hafi vistmenn getað kynnt sér þá. Þá bar hann, að hjúkrunarforstjóri hefði haft samband við starfsmann sameiningarnefndarinnar til að minna á stofnunina.

Vitnið Herdís Klausen hjúkrunarforstjóri kveðst í vikunni fyrir kosningar hafa haft samband við starfsmann sameiningarnefndarinnar og innt hann eftir því, hvort hann vissi, hvort kosið yrði á sjúkrahúsinu, og hann ætlað að kanna það. Vitnið kveðst hafa gert þetta, eftir að starfsmenn hafi verið að ræða um sameininguna. Vitnið kveður engan sjúkling hafa rætt við sig um kosningarnar og minnst þess ekki, að neinir sjúklingar eða aðstandendur þeirra hafi óskað eftir, að kosið yrði á sjúkrahúsinu. Vitnið telur það ekki í verkahring stofnunarinnar að óska eftir, að kosning fari þar fram, og telur rétt að hafa sem minnst afskipti af þessu. Hins vegar telur vitnið rétt, að stofnunin hjálpi þeim, sem þess óska, eins og unnt er. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við neina óánægju hjá sjúklingum eftir kosningarnar, og starfsfólk hafi ekki talað um það.

Vitnið segir, að á kjördag hafi 61 sjúklingur verið á stofnuninni, en kvaðst ekki geta sagt til um, hversu margir voru færir um að fara á kjörstað.

Vitnið Ágústa Eiríksdóttir, deildarstjóri á deild 5, þar sem er 31 rúm, kveðst muna eftir kosningum á sjúkrahúsinu, enda hafi hún starfað þar í átján ár, en sem deildarstjóri í þrjú ár. Vitnið kveðst ekki hafa haft nein afskipti af kosningum á stofnuninni og ekki vita, hvað þurfi að gera, til þess að sýslumaður haldi utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Vitnið segir, að fyrir þessar kosningar hafi verið kannað, hvort vistmenn hefðu áhuga á að kjósa, þar sem ákveðið hefði verið að bjóða upp á akstur, til þess að vistmenn gætu kosið hjá sýslumanni. Þetta hafi verið í fyrsta sinn, sem unnt hafi verið að bjóða upp á þjónustu sem þessa, vegna sérhannaðrar bifreiðar, sem nú er til í bænum. Vitnið segist ekki vita til þess, að neinn vistmaður, sem hafi

haft áhuga á að kjósa, hafi ekki gert það. Þá bar vitnið einnig, að enginn hefði kvartað við sig um, að hann hafi ekki fengið að kjósa. Vitnið segir ekkert hafa verið rætt um kosningarnar nema þegar hún spurði, hvort áhugi væri á að kjósa utan kjörfundar, og enginn óskaði eftir því. Vitnið segir það sitt mat, að allir vistmenn á sinni deild hafi getað neytt atkvæðisréttar síns vegna þeirrar aðstoðar, sem boðið var upp á, utan tveir vegna andlegs ástands. Á deild 2, þar sem eru nítján rúm, telur vitnið, að ástand vistmanna hafi verið svipað og á deild 5. Vitnið ber, að á deild 3 dveljist hressasta fólkið, en þar séu sjö rúm. Vitnið telur sig hafa gengið úr skugga um, að allir, sem vildu, hafi getað kosið. Vitnið fullyrðir, að sér hafi ekki borist til eyrna neinar kvartanir vegna kosninganna, en telur mjög líklegt, að það hefði heyr af slíku, ef svo hefði verið.

Vitnið Ríkharður Másson var skipaður sýslumaður á Sauðárkróki árið 1996. Vitnið segir, að kosið hafi verið á sjúkrahúsinu utan kjörfundar við forsetakosningarnar 1996, en það séu einu kosningarnar, sem fram hafi farið, frá því að hann varð sýslumaður hér, enda hefði komið beiðni um það frá sjúkrahúsinu, líkt og hann hefði átt að venjast sem sýslumaður á Hólmavík. Í þrettán ára embættistíð sinni á Hólmavík hafi alltaf komið beiðni frá sjúkrastofnuninni á staðnum, áður en ákvörðun var tekin um utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Fyrir þessar kosningar hafi hins vegar engin beiðni borist. Hann kveður víst, að hefði slík beiðni komið fram, hefði henni verið sinnt, a. m. k. hefði verið athugað, hvort ástæða væri til að láta kjósa á sjúkrahúsinu. Hann kveður kjörstjóra vera heimilt, en ekki skylt, að láta kosningu fara fram utan kjörfundar á stofnun sem þessari, en endanlegt mat um það sé í höndum kjörstjóra. Vitnið kveður frumkvæði að kosningu utan kjörfundar á stofnunum verða að koma frá sjúklingunum sjálfum eða forstöðumönnum stofnana. Vitnið segist ekki hafa fundið beiðnir um utankjörfundaratkvæðagreiðslu í gögnum embættis síns frá tíð fyrirrennara síns. Vitnið kveður ekki hafa borist neinar kvartanir frá sjúklingum eða aðstandendum þeirra vegna þess, að kosning fór ekki fram á sjúkrahúsinu.

III.

Málsástæður og lagarök stefnenda.

Stefnendur reisa hér fyrir dómi kröfu sína um ógildingu kosninganna á því, að ekki hafi farið fram utankjörfundaratkvæðagreiðsla á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki, eins og þeir telja venju í kosningum. Telja þeir, að ákvæði 63. gr. laga um kosningar nr. 80/1987 og leiðbeiningar um utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra o. fl. nr. 120/1991 séu sett til þess að auðvelda kjósendum að kjósa utan kjörfundar, svo að sem flestir geti kosið. Nefnd laga-

ákvæði hafi verið sett sérstaklega til þess að tryggja rétt kjósenda, sem vegna veikinda, aldurs eða fötlunar geti ekki kosið á kjördegi í kjördeild sinni eða kjördæmi. Sama eigi við um ákvæði kosningalaga, sem heimilar kosningu í heimahúsum. Kjósandi eigi þennan rétt og verði að geta treyst því, að hann fái tækifæri til að nýta sér hann. Á stofnunum séu það forstöðumenn þeirra og hlutaðeigandi kjörstjóri, sem beri ábyrgðina á því, að kosning fari fram.

Stefnendur halda því fram, að kjörstjóri, sveitarstjórnir og forráðamenn Sjúkrahúss Skagfirðinga á Sauðárkróki hafi ekki virt þennan grunnrétt kjósenda. Með því að vistmönnum stofnunarinnar var ekki tryggður þessi grunnréttur, beri að ógilda kosninguna. Í þessu sambandi benda þeir á, að sameiningin hafi einungis verið samþykkt með tveggja atkvæða mun í Lýtingsstaðahreppi, en á sjúkrahúsinu hafi verið fjórir sjúklingar úr hreppnum og enginn þeirra kosið. Stefnendur telja, að sjúklingar eigi ekki að hafa frumkvæði að utankjörfundaratkvæðagreiðslu, heldur kjörstjóri. Þeir telja það óþolandi misrétti, að einstakir kjörstjórar geti komið í veg fyrir, að fólk geti nýtt sér atkvæðisrétt sinn, og leiði það til ógildingar kosninganna.

Loks telja stefnendur, að ýmsir aðrir hnökror hafi verið á kosningunum, sem valdi ógildingu þeirra, þegar þeir séu skoðaðir í heild.

Við munnlegan flutning málsins reistu stefnendur kröfur sínar einnig á því, að sameiningarnefnd sú, sem skipuð var vegna fyrirhugaðrar sameiningar, hafi ekki haft heimild til að auglýsa kosningarnar með þeim hætti, sem gert var.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu halda því fram, að vel hafi verið staðið að auglýsingum um framlagningu kjörskráa svo og, hvar unnt væri að kjósa utan kjörfunda og hvar og hvenær kjörfundir í einstökum sveitarfélögum yrðu haldnir. Auglýsingar þessa efnis hafi birst í blöðum og útvarpi svo og í sérstöku blaði, Skagfirðingi, sem sameiningarnefnd gaf út.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þær fullyrðingar stefnenda, að starfsfólk á Sjúkrahúsi Skagfirðinga hafi tjáð vistmönnum, að kjördeild yrði opin þar á kjördag, séu rangar, enda hafi ekkert komið fram í málinu, sem bendi til þess. Þvert á móti liggja fyrir bréf framkvæmdastjóra sjúkrahússins um annað. Í því bréfi komi fram, að ekki hafi verið óskað eftir sérstakri kjördeild á sjúkrahúsinu og ekki verið óskað eftir utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá sýslumanninum á Sauðárkróki.

Stefndu halda því einnig fram, að það hafi ekki verið í þeirra valdi að ákveða, hvort kosning utan kjörfundar færi fram á Sjúkrahúsi Skagfirðinga.

Slík ákvörðun sé skv. 2. og 3. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987 í höndum kjörstjóra. Í þessu tilviki hafi þessi ákvörðun verið í höndum sýslumannsins á Sauðárkróki sem kjörstjóra við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Ákvæðið sé heimildarákvæði, en ekki skylduákvæði, og matið sé í höndum kjörstjóra, og af þeim sökum valdi það ekki ógildingu kosninganna, þó að kjörstjóri hafi ekki talið þörf á, að sérstök utankjörfundaratkvæðagreiðsla færi fram á Sjúkrahúsi Skagfirðinga.

Stefndu vísa einnig til þess, að skv. 36. gr. laga nr. 8/1986 leiði gallar á framboði eða kosningu ekki til ógildingar kosninga, nema ætla megi, að þeir hafi haft áhrif á úrslit þeirra. Ekkert hafi komið fram, sem bendi til þess, að nokkrir gallar hafi verið á framkvæmd eða undirbúningi kosninga þeirra, sem hér um ræðir, er leitt geti til ógildingar þeirra. Málshöfðun stefnenda sé því tilefnislaus, og þess vegna beri að dæma þá til greiðslu málskostnaðar að fullu. Í málinu liggja fyrir tveir vandaðir úrskurðir með ótvíræðri niðurstöðu, og ekkert hafi komið fram, sem bendi til annars en allt, sem kosningarnar varðar, hafi verið með fullkomlega eðlilegum og lög-mætum hætti.

IV.

Niðurstaða.

Við munnlegan flutning málsins hélt lögmaður stefnenda því fram, að undirbúningur kosninganna hefði verið ólögmatgur, þar sem allar auglýsingar hefðu verið í nafni sameiningarnefndar, en ekki sveitarfélaganna sjálfra. Þessa málsástæðu er ekki að finna í stefnu, en henni var ekki mótmælt sérstaklega af hálfu stefndu, og þykir því rétt að fjalla efnislega um hana.

Í X. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 er að finna ákvæði um stækkun sveitarfélaga. Í 106. gr. segir, að félagsmálaráðuneytið skuli vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. 1. mgr. 108. gr. er svohljóðandi: „Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu, skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins.“ Í máli þessu verður að gera ráð fyrir því, að sameiningarnefnd sú, sem m. a. er stefnt í málinu, hafi verið kosin í samræmi við þetta lagaákvæði. Það er og mat dómsins, að frágangur kjörskráa hafi verið með lögbundnum hætti. Ekkert bendir til annars en kjörskrár hafi legið frammi í lögboðinn tíma á lögboðnum stöðum. Í 5. mgr. nefndrar 108. gr. sveitarstjórnarlaga segir m. a. svo: „Viðkomandi sveitarstjórnir ákveða sameiginlega, hvenær atkvæðagreiðsla fer fram, og skal kosid sama dag í sveitarfélögnum.“ Með hliðsjón af tilgangi samstarfsnefndar sveitarfélaganna og starfssviðs hennar verður að telja, að hún hafi haft um-

boð allra sveitarfélaganna til að auglýsa fyrir þeirra hönd kosningarnar með þeim hætti, sem gert var, og verður þessi málsástæða því ekki tekin til greina.

Af hálfu stefnenda er því einnig haldið fram, að ógilda beri kosningarnar, þar sem ekki var utankjörfundaratkvæðagreiðsla á Sjúkrahúsi Skagfirðinga. Í 2. mgr. 63. gr. kosningalaga er að finna ákvæði, sem heimilar kjörstjóra að láta kosningu fara fram á ákveðnum stofnunum. Nánari skýringar er síðan að finna í 3. gr. leiðbeininga um utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra o. fl. nr. 120/1991. Ljóst er, að það var ekki í valdi stefndu að ákveða, að utankjörfundarkosningar færu fram á sjúkrahúsinu, heldur var slík ákvörðun í valdi kjörstjóra.

Kjörstjóri við þessar kosningar var sýslumaðurinn á Sauðárkróki. Hann bar fyrir dómi, að hann teldi það ekki í sínum verkahring að hlutast til um að fyrra bragði, að kosningar utan kjörfundar færu fram, heldur taldi hann frumkvæði að því eiga að koma frá kjósendum sjálfum eða forsvarsmönnum stofnana. Fram hefur komið, að forsvarsmenn stofnunarinnar óskuðu ekki eftir, að slík kosning færi fram, en það var gert við forsetakosningarnar 1996.

Það er alit dómsins, að kjörstjóra beri að ákveða hverju sinni, hvort utankjörfundarkosning fari fram á stofnun eða ekki. Lögð hafa verið fram vottorð flestra sýslumanna landsins um það, hvernig staðið er að kosningum sem þessum í umdæmum þeirra. Flestir virðast hafa frumkvæði að því, að kosning fari fram á stofnunum, og verður að telja það eðlilegan framgangsmáta. Hins vegar verður ekki fallist á, að stjórnarsýsluvenja hafi skapast um þetta atriði, þannig, að skylt sé að láta kosningu fara fram, hvort sem hennar er þörf eða ekki. Er og til þess að líta, að utankjörfundaratkvæðagreiðsla virðist ekki hafa farið fram á Sjúkrahúsi Skagfirðinga við sveitarstjórnarkosningarnar 1990. Samkvæmt gögnum málsins var kjósendum í auglýsingum bent á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Einnig má horfa til þess, að við sameiningarkosningarnar 1993, þar sem kosið var um sameiningu allra sveitarfélaga í Skagafirði, greiddu einungis fjórir atkvæði utan kjörfundar á Sjúkrahúsi Skagfirðinga. Þá liggur fyrir, að gengið var á milli vistmanna og þeim boðið upp á akstur í bifreið, sérútbúinni til aksturs með fatlaða, svo að þeir gætu kosið utan kjörfundar. Loks hefur deildarhjúkrunarfræðingur borið, að nánast allir vistmenn hafi verið færir um að þiggja þessa þjónustu.

Að öllu þessu virtu þykir ekki ástæða til að verða við kröfum stefnenda og ógilda kosninguna.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dóminn kveður upp Halldór Halldórsson héraðsdómari sem dómsformaður ásamt meðdómsmönnum Ásgeiri Pétri Ásgeirssyni og Ólafi Ólafssyni héraðsdómurum.

D ó m s o r ð:

Stefndu, sameiningarnefnd sveitarfélaga í Skagafirði, bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar og hreppsnefndir Fljótahrepps, Hofshrepps, Hólahrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Seyluhrepps, Skarðshrepps, Skefilsstaðahrepps, Staðahrepps og Viðvíkurhrepps, eru sýknaðir af kröfum stefnenda, Erlends Hansen og Harðar Ingimarssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnenda, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns þeirra, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, og annar útlagður kostnaður, 23.300 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
